

náms-örk

Menntamálastofnun býður til **námsefnissýningar og örkynninga** (náms-örk) í tengslum við útgáfudag vorið 2019, **fimmtudaginn 9. maí kl. 14:30-16:30** í Menntamálastofnun, Víkurhvarfi 3, 201 Kópavogi

Dagskrá

14:30-16:30 Námsefnissýning og kaffiveitingar

Hægt er að kíkja í nýtt og eldra námsefni, ræða við ritstjóra og annað starfsfólk Menntamálastofnunar


- 14:45-15:15 Örkynningar – rennsli 1**
Kynnt verður nýtt námsefni, uppbygging þess og möguleikar í kennslu
- 15:45-16:15 Örkynningar – rennsli 2**
Sama kynning og áðan, þú getur farið aftur ;) eða skellt þér á aðra

Örkynningar

Litla-Lesrún | Íslenska – yngsta stig

Umsjón: Elín Lilja ritstjóri í íslensku á yngsta stigi (elinlilja@mms.is)

Litla-Lesrún er nemendabók ætluð börnum í 2. bekk en getur einnig nýst eldri nemendum. Áhersla er á lestur og lesskilning en í bókinni eru fjölbreyttar textagerðir og lesskilningsverkefni. Á kynningunni munu höfundar efnisins, Anna Þóra Jónsdóttir og Kristjana Pálsdóttir, fara yfir uppbyggingu bókarinnar, koma með hugmyndir að útfærslu og benda á leiðir til að vinna með efnið í bekkjarkennslu.



Ást er ... að týnast í orðum | Kveikjur í nýjum búningi | Íslenska – unglingastig

Umsjón: Sigríður ritstjóri í íslensku (sigridur.wohler@mms.is)


Kveikjur er fyrsta bókin í flokki námsbóka í íslensku fyrir unglingastig. Hún var fyrst gefin út árið 2013 í tveimur bókum. Þær hafa verið endurskoðaðar og koma nú út í einni bók. Nú er lag að henda sér út í hringiðu íslenskunnar, týnast í orðum og upp-götva hvað íslenskutímarinn geta orðið ótrúlega skemmtilegir, skapandi, upplýsandi og fróðlegir. Höfundar bókarinnar eru Davíð H. Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir



Þriðji Smellur og hinir tveir | Íslenska – miðstig

Umsjón: Sigríður ritstjóri í íslensku (sigridur.wohler@mms.is)

Nú eru allir Smellirnir komnir út. Um er að ræða nýtt námsefni sem þjálfar les-skilning. Í bókunum er nemendum leiðbeint við lestur fjölbreyttra texta af ýmsum gerðum og athygli beint að því að mismunandi textagerðir þarf að lesa á ólíka vegu. Höfundar bókana eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. Á kynningunni verður nýjasti Smellurinn kynntur, eldri bækur verða til umfjöllunar og notkunarmöguleikar ræddir.



Nýsköpun og frumkvöðlafræði | Upplýsingatækni – unglingastig

Umsjón: Arna Guðríður ritstjóri í upplýsingatækni (gurry@mms.is)

Kynnt verður nýútkomið námsefni í nýsköpun og frumkvöðlafræði, *Vertu þinn eigin yfirmaður* og *Næsta stig*. Fjallað verður um tilurð námsefnisins, notkunarmöguleika í kennslu og hvernig hægt er að nota efnið með öðru tengdu stuðningsefni. Útgáfa heftanna er samstarfsverkefni Menntamálastofnunarinnar, Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Eyjólfur Eyjólfsson, frá Nýsköpunarmiðstöð, mun kynna efnið og notkunarmöguleika þess.



Börn í okkar heimi | Samfélagsgreinar (Lífsleikni) – miðstig

Umsjón: Sigrún Sóley ritstjóri í samfélagsgreinum (sigrun.soley.jokulsdottir@mms.is)

Kynntar verða fjórar kennslubækur í flokknum Börn í okkar heimi ásamt kennsluleiðbeiningum. Bækurnar eru *Fátækt og hungur*, *Flóttamenn og farandfólk*, *Fordómar og þröngsýni* og *Stríð í heimi*. Með útgáfu þessara bóka er hugsunin að auðvelda kennurum að fjalla um viðkvæm og flókin mál efni sem eru ofarlega á baugi í umræðum og fréttum.



Stærðfræði og bókmenntir | Stærðfræði – yngsta stig

Umsjón: Auður Bára ritstjóri í stærðfræði (audur.bara.olafsdottir@mms.is)

Rúna jafnar leikinn fjallar um sléttar tölur og oddatölur og *Töluboxið hennar ömmu* um flokkun. Áður eru komnar út fjórar bækur er fjalla um samlagningu, frádrátt, form og sætisgildi. Nýju bækurnar verða kynntar, eldri bækur verða til umfjöllunar, notkunarmöguleikar ræddir og gluggað í verkefnahefti.



Til kennara í myndmennt, smíði og textílmennt

Í tengslum við námsefnis-örkynningarnar stendur miðlunarsvið ásamt FÍMK, FÍS og FÉTEX fyrir kynningu á nýju efni og í framhaldinu verkefnasmíðju fyrir kennara í myndmennt, smíði og textílmennt.

Dagskrá

- 15:30-16:15** | Björg Eiríksdóttir kynnis nýtt námsefni í teikningu er ber nafnið *Ég sé með teikningu*.
- 16:15-16:30** | Harpa Pálmadóttir ritstjóri segir frá listavef sem er í smíðum
- 16:30-16:40** | Kaffi og kruðerí
- 16:40-17:40** | 5 mínútna kynningar á verkefnum
- 17:40-18:00** | Umræður og vangaveltur



Ég sé með teikningu | Myndmennt yngsta, mið- og unglingastig

Umsjón: Harpa ritstjóri í myndmennt (harpa@mms.is)

15:30-16:15 Björg Eiríksdóttir, kennari og listamaður, kynnis nýtt námsefni í teikningu er ber titillinn *Ég sé með teikningu*. Námsefnið er afkrastur meistaraprófs-rannsóknar og var mótað við raunverulegar aðstæður í samvinnu við nemendur.

Björg mun segja frá tilkomu þess og notkunarmöguleikum og leitast við að svara eftirfarandi spurningum og öðrum þeim sem upp kunna að koma: Hvers konar námsaðstæður efla nemendur í teikningu og sköpun? Hverjir eru notkunarmögu-leikar verkefnabankans? Hvað er átt við með hæfnipáttunum skynjun, hreyfing, þekking og ímyndun? Hvernig má dýpka skynjun, þekkingu og skilning nemenda á umhverfi sínu? Hvernig komast þeir í flæði? Er hægt að teikna án þess að nota teikniflöt, teikniáhöld eða eigin hendur?

Verkefnasmíðja | Myndmennt, smíði og textílmennt

16:15-18:00 Eftir að Björg hefur kynnt sitt efni býðst kennurum að kynna verk-efni er tengjast myndmennt, textílmennt, hönnun og smíði. Stefnt er að því að nýr listavefur fari í loftið fyrir áramót og gefst kennurum tækifæri til að birta verkefni á vefnum. Því viljum við biðja áhugasama kennara um að taka með sér góð og gagn-leg verkefni er uppfylla hæfniviðmið aðalnámskrár og tengjast eftirfarandi miðlum: bóklist, ljósmyndun, nýjum miðlum, samklippi, smíði, skúlptúr og textíl.

Þeir kennarar sem taka með sér verkefni undirbúa um 5 mínútna kynningu á verk-efninu og kynna það fyrir litlum hópum (hringekjuform). Í lokin verður umræða um verkefni og ákveðið hvaða verkefni fari á listavefinn. Greitt verður fyrir þau verk-efni sem þar verða birt. Þeir sem vilja leggja fram verkefni skrá sig til þátttöku með því að senda póst á harpa@mms.is fyrir 6. maí og gefa upp nafn og fjölda verkefna sem áhugi er á að kynna.